

Miðvikudaginn 3. maí 1967.

Nr. 51/1965 **Sigurbjörn Ágústsson**
 (Árni Grétar Finnsson hdl.)
 gegn
Bjarna Jónssyni (Jóhann Ragnarsson hdl.)
 og til réttargæzlu gegn
Sigurvini Snæbjörnssyni
 (Árni Guðjónsson hrl.)
Sigursteini Jónssyni og
 (Ingi Ingimundarson hrl.)
Bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs
 og
Bjarni Jónsson
 gegn
Sigurbirni Ágústssyni
Sigurvini Snæbjörnssyni
 og
Sigursteini Jónssyni
 og
Sigursteinn Jónsson
 gegn
Bjarna Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Sigurbjörn Ágústsson, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. marz 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda Bjarna Jónssonar og svo dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda Bjarna bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Bjarni Jónsson hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. apríl 1965 og framhaldsáfrýjunarleyfi 12. október 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1965 og framhaldsáfrýjunarstefnu 24. október. Krefst hann

þess aðallega, að aðaláfrýjanda, Sigurbirni Ágústssyni, stefnda Sigurvini Snæbjörnssyni og gagnáfrýjanda Sigursteini Jónssyni verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 319.600.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að hinir sömu aðiljar verði dæmdir til að greiða honum óskipt kr. 156.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og svo málskostnað, svo sem áður sagði.

Stefndi Sigurvin Snæbjörnsson krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að aðaláfrýjanda, Sigurbirni Ágústssyni, og gagnáfrýjanda Bjarna Jónssyni verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Sigursteinn Jónsson hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1966, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1966 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að gagnáfrýjanda Bjarna Jónssyni verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 30. ágúst 1965 dómkvaddi bæjarfógetinn í Hafnarfirði samkvæmt beiðni umboðsmanns gagnáfrýjanda Bjarna Jónssonar í bréfi 22. júlí 1965 þá Theódór Diðriksson byggingaverkfræðing, Indriða Nielsson byggingameistara og Árna Guðmundsson múrarameistara „til að framkvæma yfirmat vegna ýmissa meintra galla á húsinu nr. 12 við“ Öldutún, Hafnarfirði. Kváðu þeir upp mat sitt hinn 26. marz 1966. Þeir segja í upphafi matsgerðarinnar: „Meginorsakir fyrir eftirtöldum göllum eru, að undirstöður og neðsta gólf hefur verið steypt á frosinn jarðveg og einnig að hús og mótauppsláttur hefur staðið í vanhirðu, óvarið og óupphitað í fleiri ár“. Yfirmatsmenn lýsa síðan göllum byggingarinnar og greina þær endurbætur, sem þeir telja nauðsynlegar, til þess að húsið verði fullnýtilegt. Kostnað af endurbótunum meta þeir kr. 219.600.00. Endurbætur á húsinu hafa eigi verið framkvæmdar. Gagnáfrýjandi Bjarni Jónsson kveðst hafa selt það til niðurrifs í desember 1966 fyrir kr. 150.000.00. Gagnáfrýjandi Bjarni Jónsson hefur í bréfi til Hæstaréttar

7. júní 1966 og í framhaldsáfrýjunarstefnu 24. október 1966 farið þess á leit, að honum verði samkvæmt 45. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt leyft að hækka fyrir Hæstarétti kröfur sínar, þær, er hann gerði í héraði, í samræmi við yfirmatsgerðina frá 26. marz 1966, þ. e. úr kr. 156.000.00 upp í kr. 319.600.00. Gagnáfrýjanda Bjarna var í lófa lagið að biðja um yfirmat, meðan málið var til meðferðar í héraði, ef hann taldi undirmatið eigi fullnægjandi. Eru því eigi fyrir hendi skilyrði til að leyfa honum að hækka kröfur sínar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til röksemda héraðsdóms verður að telja þá Sigurvin Snæbjörnsson, Sigurbjörn Ágústsson og Sigurstein Jónsson skaðabótaskylda vegna galla þeirra, sem urðu á smíð hússins nr. 12 við Öldutún, Hafnarfirði, enda leysir það aðaláfrýjanda, Sigurbjörn Ágústsson, eigi undan ábyrgð, að hann var eigi kvaddur til undirmatsins, þar sem örugglega er í ljós leitt, að viðgerð á göllunum hefði kostað a. m. k. þá fjárhæð, sem í undirmatsgerð segir, jafnvel þótt hafizt hefði verið handa um endurbætur á þeim svo fljótt sem kostur var. Ber því að dæma nefnda menn til að greiða gagnáfrýjanda Bjarna Jónssyni undirmatsfjárhæðina, kr. 56.000.00, og auk þess fébætur fyrir stöðvun á byggingarframkvæmdum, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00, hvort tveggja ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma þá Sigurvin Snæbjörnsson, Sigurbjörn Ágústsson og Sigurstein Jónsson til að greiða gagnáfrýjanda Bjarna Jónssyni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 36.000.00.

Dómsorð:

Stefndi Sigurvin Snæbjörnsson, aðaláfrýjandi, Sigurbjörn Ágústsson, og gagnáfrýjandi Sigursteinn Jónsson greiði gagnáfrýjanda Bjarna Jónssyni óskipt kr. 96.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 36.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 22. desember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 9. þ. m., hefur Bjarni Jónsson kennari, Ölduslóð 12 hér í bæ, höfðað með stefnu, útg. 30. nóv. 1963, gegn Sigurvini Snæbjörnssyni húsasmíðameistara, Hringbraut 65, Sigurbirni Ágústssyni húsasmíðameistara, Birkihvammi 5, Sigursteini Jónssyni múrarameistara, Fögrukinn 11, öllum hér í bæ, og Hafsteini Baldvinssyni bæjarstjóra f. h. bæjar-sjóðs Hafnarfjarðar til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 156.000.00 með 8% ársvöxtum frá 7. sept. 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þ. m. t. matskostnaður.

Stefndu hafa allir krafizt sýknu af kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað. Þá mótmæla þeir kröfum stefnanda sem of háum og órökstuddum. Til vara er af hálfu stefndu, Sigurvins, Sigurbjörns, Sigursteins og bæjar-sjóðs Hafnarfjarðar, krafizt, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi Sigurvin krefst þess sérstaklega, að vextir verði lækkaðir úr 8% í 7% og reiknaðir frá útgáfudegi stefnu.

Af hálfu stefnda Sigursteins er þess sérstaklega krafizt, að hann verði eigi talinn bera solidaríska ábyrgð með öðrum meðstefndum.

Málavextir.

Sumarið 1961 hóf stefnandi byggingarframkvæmdir við íbúðarhús, sem hann hugðist reisa við Öldutún 12 hér í bæ. Upphaflega hafði verið ætlunin, að stefnandi byggði húsið í félagi við Þorvald Þorvaldsson kennara, en af því varð ekki. Höfðu stefndu Sigurvin og Sigurbjörn ritað nöfn sín á uppdrátt af húsinu sem húsasmíðameistarar og stefndi Sigursteinn sem múrarameistari, eins og mælt er fyrir um í byggingarsamþykkt, og var eintak af teikningu þannig áritað afhent byggingarfulltrúa. Í júní- eða júlímánuði um sumarið mun hafa verið ýtt úr grunni hússins og grafið fyrir sökklum, og var grunnurinn þá tekinn út af Jóni Bergssyni byggingarfulltrúa að stefnda Sigurvini viðstöddum. Ekki varð af frekari framkvæmdum að sinni fyrr en í nóvember 1961, en þá var slegið upp fyrir sökkli hússins. Annaðist það verk húsasmíður að nafni Karl Stefánsson samkvæmt ábendingu stefnda Sigurvins. Vegna frosta var ekki steyptrax í sökkulmótin, og var það ekki gert fyrr en í febrúar 1962. Unnu stefndu Sigurvin og Sigurbjörn við það verk ásamt starfsmönnum.

um sínum, að því er virðist, en múrarameistarinn, stefndi Sigursteinn, var ekki til kvaddur né heldur fór fram önnur úttekt á grunninum. Kjallaragólf var síðan steypit í marz, veggir kjallarahæðar í apríl 1962 og loftið í byrjun júní s. á. Þegar mótum var slegið frá kjallarahæð, komu í ljós ýmsir gallar á verkinu, og bannaði byggingarfulltrúi bæjarins, að því yrði haldið áfram, fyrr en búið væri að lagfæra gallana. Var þá að mestu lokið að slá upp mótum fyrir 1. hæð.

Hinn 7. sept. 1962 rituðu stefnandi og stefndi Sigurvin sameiginlega beiðni til bæjarfógetans í Hafnarfirði og óskuðu eftir því, að dómkvaddir yrðu sérfróðir menn til þess að meta galla og skemmdir, sem fram hefðu komið á byggingu undirstöðu og kjallarahæðar hússins. Í matsbeiðni þeirra segir m. a.: „Þeir helztu gallar, sem fram hafa komið og eru augljósir, eru þessir: Sökkarnir eru víða sprungnir, og á nokkrum stöðum er holt undir þá. Gólfplatan í kjallaragólfi hefur sigið og sprungið. Veggir í kjallarahæð hafa sprungið í kjallaravegg undan steypu, þannig að veggurinn hefur skekkzt. Loftið yfir kjallara (bílskúr) hefur sigið. Svalir hafa sprungið frá og sigið niður.

Þess er óskað, að matsmennirnir meti eftirfarandi atriði:

1. Að þeir lýsi göllunum nákvæmlega (hvar þeir séu og hverjir) og láti í ljós álit sitt á því, *af hvaða orsökum* gallar þessir hafi fram komið (hverju hafi verið áfátt um frágang, vinnu, efni o. s. frv.).

Jafnframt er óskað eftir áliti matsmanna um frágang á steypu.

2. Að þeir meti, hvort hægt sé að bæta úr og *á hvern hátt* bæta megi úr göllum þessum.

3. Að þeir meti, hvað hárrí fjárhæð það muni nema að lagfæra eða bæta úr ágöllum þeim, sem að þeirra áliti eru á framangreindri byggingu.

4. Að þeir meti í fyrsta lagi, hvað sölumöguleikar eða söluhæfni nefndrar húseignar hefur minnkað mikið við þá galla, sem á henni nú eru, og í öðru lagi, hvað sölumöguleikar verði miklu minni, eftir að búið væri að lagfæra þá ágalla, sem nú eru, svo sem unnt er.

Óskað er eftir, að matsmenn meti þetta svo fljótt sem unnt er og geri okkur undirrituðum aðvart, áður en matið fer fram.“ Til þess að framkvæma matið voru kvaddir þeir Sigurgeir Guðmundsson iðnskólastjóri og Ingi Kristjánsson byggingameistari. Í matsgerð matsmanna, sem er dags. 23. okt. 1962, segir m. a.:

„Byggingarstig mannvirkisins er, að kjallari er uppsteypdur með loftplötu yfir og ísteypum gluggakörmum í aðalhúsi, en ekki í bílskúr. Steypumót 1. hæðar eru að mestu fullgerð.

Matsbeiðendur bentu okkur á sprungur í gólfum, kjallara-veggjum og grunnveggjum svo og sig í loftplötu yfir bílskúr og brot á svalagólfi. Einnig á það, að holt er undir sökkulveggi á nokkrum stöðum. Síðari athuganir okkar hafa leitt í ljós, að víða er jarðvegur undir útveggjum mjög laus, svo að fyrirstöðulítið má grafa undan þeim með skóflu. Þá er og sýnilegt, að sement hefur runnið frá steypunni, þegar hún var látin í mótin, í suðvestur-horni grunnveggja.

Telja verður, að sprungur í grunnveggjum, kjallaragólfi og kjallaraveggjum svo og sig á loftplötu yfir bílskúr stafi af ótraustum undirstöðum.

Ekki verður séð, að jarðvegur meðfram grunnveggjum hafi verið varinn gegn veðrun. En jarðlag er þannig, að þess er mikil þörf. Ekkert bendir til, að steypuefni hafi verið gallað, en augljóst er, að meðferð þess (jöfnun steypunnar í mótin) er óvandvirknislega gerð. Þá teljum við og, að grunnfyllingarefni það, sem notað hefur verið, sé langt of veikt. Auk þess er það óþjappað í grunninum. Vinnan á steypumótunum hefur verið þannig, að ógerlegt hefur verið að koma steypu í þau alls staðar, einnig hafa mótin verið langt of veik, sem sjá má af því, hve víða þau hafa brostið undan steypubúgungum.

Við leitum til hr. Braga Þorsteinssonar í Reykjavík, en hann er verkfræðingurinn, sem reiknaði út allt burðarþol í húsi þessu, og óskuðum eftir að heyra álit hans um það atriði, sem um getur í 2. lið í matsbeiðni. Nú hefur Bragi lagt fram ákveðnar tillögur um lagfæringar á undirstöðum með uppdrætti og út-reikningi á teikningu, sem hér með fylgir og er dagsett 6. þ. m.

Svo sem sjá má á nefndri teikningu, telur verkfræðingurinn, að treysta megi undirstöður hússins, svo að dugi, og vísunum við til hans fyrirsagnar um lagfæringar á þeim.

Svalir þær, sem sprungnar eru frá, teljum við að brjóta verði að fullu svo og um meters hluta af steypu loftplötunnar inn af svölunum, svo komið verði fyrir nýjum járnum til burðar fyrir nýjar svalir.

Sprungur allar í veggjum þarf að höggva upp báðum megin frá, þar sem því verður við komið, og steypa í þær að nýju.

Ýmis lýti og ágalla á steypu hússins má lagfæra með því að

höggva af bungur á veggjum og súlum, einnig kanta og brúnir, og með því að hylja þá með auknu ákasti í múrhúðun.

Endurnýja þarf að verulegu leyti alla steypu á neðsta gólfi.

Kostnað við að lagfæra ofantalda ágalla teljum við að nema muni kr. 56.000.00 — fimmtíu og sex þúsund krónur —.

Varðandi 4. tölulið í matsbeiðni viljum við benda á, að allar okkar áætlanir um endurbætur miðast við, að hús þetta fullnægi að öllu leyti þeim kröfum, sem almennt eru gerðar til slíkra mannvirkja, að því er snertir styrkleika og svipmót vinnunnar.

Öll vinna og efni við framkvæmd endurbótanna ætti að vera gerð með daglegu eftirliti byggingarfulltrúa eða annars sérfróðs manns. Kostnaður við það eftirlit er ekki talinn með í mati þessu“.

Með bréfi, dags. 28. marz 1963, óskaði lögmaður stefnanda eftir nýju mati af þeim sökum, að múrarameistara hússins og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar hefði eigi verið gefinn kostur á því að vera viðstaddir fyrra matið. Var óskað mats á sömu atriðum og í hinni fyrri beiðni greinir og til viðbótar, að matsmenn mætu til fjár það tjón, sem stefnandi hefði orðið fyrir vegna þess, að bygging hússins var stöðvuð.

Í síðari matsgerð sinni, sem er dagsett 27. apríl 1963, vísa matsmenn algerlega til fyrri matsgerðar sinnar, að því er varðar mat á þeim atriðum, sem þar greinir. Um tjón vegna stöðvunar á byggingu hússins segja matsmenn:

„Niðurstöður hins fyrra mats okkar voru kunnar 23. okt. 1962. Gera má ráð fyrir, að lagfæringum ágallanna hefði mátt ljúka 18. nóv. 1962, hefðu framkvæmdir hafizt, þegar matsgerðin lá fyrir. Okkur er ekki ljóst, af hvaða orsökum ekki var hafizt handa um að lagfæra gallana þá þegar. En húseigandi og byggingameistari hússins höfðu í sameiningu óskað mats. Ekki heldur er okkur kunnugt, hversu mikið fé er sannanlega bundið í mannvirkinu.

Af þessum sökum teljum við okkur ekki þess umkomna að verða við ofan nefndri beiðni matsbeiðandans.“

Auk matsfjárhæðarinnar, kr. 56.000.00, krefst stefnandi 100.000.00 kr. bóta vegna þess tjóns, sem stöðvun á byggingarframkvæmdum hafi valdið honum.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu Sigurvin, Sigurbirni og Sigursteini á því, að þeir hafi tekið að sér að sjá um byggingarframkvæmdir og beri samkvæmt byggingarsamþykkt og lögum ábyrgð á verkinu. Kröfur sínar á hendur bæjarsjóði

Hafnarfjarðar reisir stefnandi á því, að byggingameistarar hlýddu settum reglum. Þetta eftirlit hafi brugðizt og því beri byggingaryfirvöld einnig ábyrgð á tjóni hans vegna galla á verkinu.

Stefndi Sigurvin reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki tekið að sér að sjá um byggingarframkvæmdir, heldur hafi stefnandi sjálfur ætlað að sjá um framkvæmdir og eftirlit. Í fyrstu hélt hann því fram, að hann hefði ekki áritað teikninguna að umræddu húsi, en féll frá því síðar. Varakröfu sína byggir stefndi á því, að kröfur stefnanda séu of háar og síðari kröfu-liðurinn órökstuddur.

Af hálfu stefnda Sigurbjörns er því haldið fram, að fyrirhuguð þátttaka hans í smíði umrædds húss hafi fallið niður, þegar Þorvaldur Þorvaldsson, sem áður getur, hafi hætt við bygginguna. Hann hafi hvergi komið nærri þeim samningum, sem stefnandi og stefndi Sigurvin gerðu síðar. Í matsbeiðni stefnanda og Sigurvins komi fram viðurkenning á því, að hann hafi ekkert haft með verkið að gera, þar sem hans sé hvergi getið og hann hafi heldur ekki verið til kvaddur, þegar matsgerðirnar fóru fram. Af þeim sökum séu matsgerðirnar gallaðar og ómerkar gagnvart sér og kröfur málsins óraunhæfar og ekki nægilega rökstuddar.

Stefndi Sigursteinn reisir sýknukröfu sína á því, að gallar þeir, sem fram komu á húsinu, stafi af því, hve undirstaðan hafi verið léleg, en á því geti hann ekki borið ábyrgð, þar sem hann hafi ekki verið látinn vita, þegar gengið var frá þessum hlutum hússins. Varakrafa stefnda er á því reist, að stefnandi eigi hér sjálfur mikla sök vegna eftirlitsskorts og vanrækslu á að óska eftir því, að múrarameistari liti eftir verkinu.

Af hálfu stefnda bæjarsjóðs Hafnarfjarðar er því haldið fram, að byggingaryfirvöld taki ekki á sig neina ábyrgð á byggingum almennt, enda þótt þau hafi á hendi eftirlit með byggingarframkvæmdum. Þá hafi heldur ekki neitt komið fram um það, að byggingarfulltrúi hafi sýnt nokkra vanrækslu í starfi í sambandi við þessa húsbyggingu. Hins vegar hafi þeir, sem sáu um smíði hússins, vanrækt tilkynningarskyldu sína gagnvart byggingaryfirvöldum og hafi það leitt til þess, að stöðva varð byggingarframkvæmdir.

Aðiljar málsins hafa komið fyrir dóm.

Stefndi Sigurbjörn skýrði m. a. svo frá, að hann hefði að beiðni Sigurvins hjálpað honum að steypa sökkulveggina og einnig við það að steypa gólfið í kjallarann og slá upp fyrir

lofti yfir kjallara. Lærlingur hans hafi einnig aðstoðað við verkið og Sigurvin greitt þeim fyrir vinnu sína nema einn reikning, er hann hafi neitað að greiða og stefnandi greiddi sjálfur. Sigurbjörn kvað Sigurstein, múrarameistara hússins, ekki hafa verið viðstaddan, þegar framangreind vinna fór fram. Hann kvað þá Sigurvin hafa unnið saman að verklegum framkvæmdum til áramóta 1961—2, en þá hefðu þeir slitið öllum félagsskap.

Við þennan framburð Sigurbjörns hafði meðstefndi Sigurvin ekkert að athuga.

Stefnandi hefur borið, að honum og Þorvaldi hafi alltaf skilizt, að þeir Sigurvin og Sigurbjörn ætluðu að taka að sér verkið í sameiningu. Dráttur hafi orðið á því, að það væri hafið og hafi Þorvaldur flutzt úr bænum, áður en byrjað var á því. Skriflegur verksamningur var ekki gerður, en Sigurvin hafi tekið að sér hvern áfanga um sig og hafi yfirleitt verið fyrirfram ákveðið verð fyrir hvern áfanga. Viðræður um kostnað fóru eingöngu fram milli stefnanda og Sigurvins. Stefnandi kvað það aldrei hafa staðið til, að hann sæi sjálfur um verkið, enda hefði hann ekki réttindi né kunnáttu til þess. Hann kvaðst hafa látið ýta úr grunninum, en Sigurvin eða menn hans séð um uppfyllingu undir plötu. Stefnandi kvaðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar steypuvinnan var framkvæmd, en það hafi verið ýmist hann eða Sigurvin, sem pantaði steypuna, sem kom tilbúin á staðinn. Hafi Sigurvin algerlega ráðið því, hvenær steyp var.

Í framburði stefnda Sigurvins kemur m. a. fram, að hann athugaði ekki, hvort grafið hefði verið fyrir sökklinum niður á fastan jarðveg. Búið hafi verið að taka út grunninn, og taldi hann það ekki í verkahring sínum að athuga það, hvort undirstöður hússins væru traustar. Ekki væri venja, að byggingameistarar athugi þetta sérstaklega, nema um verksamning væri að ræða, en þegar trésmiðir taki að sér ákveðin verk, eins og að slá upp fyrir sökkli eða hæð, þá væri venja, að húseigandi sæi um alla undirbúningsvinnu. Stefndi viðurkenndi, að hann hefði tekið að sér að slá upp steypumótum fyrir fast verð, en önnur vinna hefði verið unnin í tímavinnu og stefnandi séð um allar greiðslur. Stefndi kvaðst ekki hafa tilkynnt meðstefnda Sigursteini um það, þegar sökklar voru steyptir, en eftir það hafi hann staðið í stöðugu sambandi við múrarameistarann. Hann kvaðst hafa gengið út frá því, að Sigursteinn hefði verið látinn vita, áður en steyp var í sökkulmótin.

Stefndi Sigurvin og stefnandi eru sammála um það, að sá fyrrnefndi hafi bent á það, að búast mætti við því, að gólfplatan sigi eitthvað, en það mætti lag með einangrunarlagi, sem átti að koma ofan á hana.

Stefndi Sigursteinn bar fyrir dóminum, að hann hefði áritað teikninguna af húsinu að beiðni Þorvalds Þorvaldssonar, en samþykkt það að ósk stefnanda, að nafn hans mætti standa þar áfram, eftir að Þorvaldur hætti við bygginguna, með því skilyrði, að hann yrði látinn vita, þegar steyptr yrði. Kvaðst stefndi ekki hafa fengið vitneskju um byggingarframkvæmdir, fyrr en búið var að steypa sökkul og plötu og slá upp fyrir veggjum kjallarahæðar, en þá hefði Sigurbjörn talað við hann. Eftir það kvaðst Sigursteinn hafa komið nokkrum sinnum á byggingarstað í sambandi við járnalögn í plötu yfir kjallara, en hann hefði ekki verið látinn vita, þegar kjallaraveggir og plata voru steyptr. Stefndi fékk engar greiðslur fyrir að árita teikninguna né fyrir framangreint eftirlit.

Stefnandi gerði engar athugasemdir við framburð stefnda Sigursteins, en gat þess, að hann hefði gengið út frá því, að Sigurvin mundi gera það, sem nauðsynlegt væri í sambandi við byggingarframkvæmdirnar.

Þá hefur komið fyrir dóminn Jón Bergsson bæjarverkfræðingur. Kvaðst hann hafa tekið út umræddan húsgrunn í júní—júlí 1961 að viðstöddum Sigurvini og hafi þá alls staðar verið grafið niður á fast, en undirstaðan hafi verið deiglumóhella, er sé mjög ófrostþolin og settuð af vatni og losni í sundur, ef hún nái að frjósa. Kvað vitnið nauðsynlegt að hylja sökkulana strax og lokið væri við að steypa þá, þegar ekki væri steyptr á klöpp, en þetta hefði ekki verið gert. Vitnið var frá störfum sem byggingarfulltrúi um eins árs skeið, eftir að hann tók út húsgrunninn, og hafði ekki afskipti af byggingu hússins, fyrr en allt var komið í óefni, og hann stöðvaði hana.

Þá kom fyrir dóm Friðbjörn Sigurðsson, starfsmaður bæjarverkfræðings, er gegndi starfi byggingarfulltrúa þann tíma, sem bæjarverkfræðingur var fjarverandi. Bar vitnið, að einu afskiptin, sem það hefði haft af byggingunni á þessu tímabili, hefðu verið þau, að það var kvatt til að taka út loft yfir kjallara í maí 1962. Voru steypumótin þá enn á veggjunum. Vitnið kvað Sigurvin hafa beðið um úttektina, en Sigursteinn hefði ekki verið þar, enda sé látið nægja, að annar meistaranna sé viðstaddur úttekt.

Með áðurgreindum matsgerðum og viðurkenningu aðilja er sannað, að bygging sú, sem mál þetta er risið af, er stórlega gölluð. Orsakir þessara galla eru aðallega ótraustar undirstöður, of veik steypumót og óvandvirknisleg jöfnun steypunnar í mótin. Með áritun sinni á teikningu af húsi stefnanda tóku stefndu á sig ábyrgð á því, að allt verk, sem undir þá heyrði, væri vel af hendi leyst og í samræmi við byggingarsamþykktir og lög, sbr. 4. gr., 12. tl., byggingarsamþykktar fyrir Hafnarfjörð nr. 94/1960. Upplýst er, að húsgrunnurinn var tekinn út um mitt sumar 1961. Grunnveggir eru síðan steyptir í febrúar árið eftir, án þess að grunnurinn væri tekinn út á ný eða nokkur athugun færi fram á honum, enda þótt hann hafi verið búinn að fyllast af vatni og frjósa og þiðna á víxl.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi Sigurvin sá aðallega um þessar byggingarframkvæmdir og ber meginsök á því, hve illa tókst til um þetta verk. Samkvæmt 5. gr. byggingarsamþykktarinnar skal sá, sem sér um verk, tilkynna byggingarfulltrúa, áður en verk er hafið að nýju, sé hætt vinnu við húsbyggingu lengri tíma en 2 vikur eða vegna frosta. Þessi tilkynningarskylda er algerlega vanrækt. Þá er einnig sannað, að stefndi Sigurvin steypiti grunnveggi hússins án þess að hafa samráð við múrara-meistarann eða láta hann vita af því og e. t. v. einnig kjallara-plötu, vegg og loft. Með þessu atferli hefur stefndi Sigurvin brotið gegn ákvæði 4. gr., 12. tl., byggingarsamþykktarinnar, er mælir svo fyrir, að ekki megi aðrir en meistarar, sem hlotið hafa lög-gildingu byggingarnefndar, hafa umsjón með múr- eða trésmíði, hver í sinni iðn.

Eins og að framan er rakið, vann stefndi Sigurbjörn ásamt meðstefnda Sigurvini að því að steypa grunnveggi, kjallaragólf og að slá upp fyrir lofti í kjallara, en kom að öðru leyti ekki nálægt smíði hússins. Framburður stefnda Sigurbjörns var ekki vefengdur af meðstefnda Sigurvini né stefnanda. Er því ekki ástæða til annars en taka gildan framburð hans um það, að hann hafi verið hættur við þátttöku í umræddu verki. Hins vegar tilkynnti Sigurbjörn stefnanda ekkert um þetta og lét hann vera í þeirri trú, að þeir Sigurvin væru saman um húsbygginguna, enda var hann áfram skráður hjá byggingarfulltrúa sem ábyrgur meistari. Af þessum sökum verður ekki talið, að stefndi Sigurbjörn hafi leyst sig undan ábyrgð á smíði hússins gagnvart stefnanda.

Stefndi Sigursteinn tók að sér eftirlit með múrsmíði á húsi stefnanda, þ. á m. að undirstöður hússins væru nægilega traustar, en virðist lítið hafa sinnt skyldum sínum í sambandi við húsbygginguna. Vegna vanrækslu stefnda á því að fylgjast með og líta eftir smíði hússins verður eigi hjá því komið að telja hann ábyrgan gagnvart stefnanda vegna framangreindra galla.

Með vísan til þess, sem áður er sagt um afskipti byggingarfyrirvalda af húsi stefnanda og vanrækslu byggingameistara hússins á tilkynningarskyldu gagnvart þeim, verður ekki talið, að stefndi bæjarsjóður Hafnarfjarðar hafi bakað sér fébótaábyrgð vegna aðgerða starfsmanna sinna.

Samkvæmt framansögðu ber hins vegar að telja, að stefndu Sigurvin, Sigurbjörn og Sigursteinn beri solidaríska fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna galla á húsi hans.

Matsmenn hafa sundurliðað nákvæmlega matsfjárhæðina, kr. 56.000.00. Þar sem mati þeirra hefur eigi verið hnekkð, og það getur ekki talizt ósanngjarnt, þykir eftir atvikum mega leggja það óbreytt til grundvallar þessum kröfulið stefnanda. Við munnlegan flutning málsins lagði stefnandi fram yfirlit yfir það fé, sem hann hefur lagt í húsbygginguna. Nemur það samtals um 329.000.00 kr. Reisir stefnandi síðari kröfulið sinn á því, að hann hafi orðið fyrir miklu vaxtatapi vegna stöðvunarinnar og auk þess orðið fyrir tjóni vegna hækkandi verðlags.

Eins og áður greinir, töldu matsmenn, að ljúka hefði mátt lagfæringum á ágöllum hússins 18. nóvember 1962, ef hafizt hefði verið handa um það, þegar niðurstöður mats þeirra voru kunnar hinn 23. október 1962. Þykir eftir atvikum sanngjarnt, að stefnandi fái nokkrar bætur miðað við tímabilið, frá því að byggingarframkvæmdir voru stöðvaðar og þangað til lagfæringum hefði mátt ljúka, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 14.000.00. Samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnanda hefur hann greitt kr. 4.000.00 í matskostnað.

Úrslit málsins verða því þau, að dæma ber stefndu Sigurvin, Sigurbjörn og Sigurstein til að greiða stefnanda in solidum kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður gagnvart honum falli niður.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, og samdómsmennirnir Ólafur Jensson verkfræðingur og Einar Kristjánsson húsasmíðameistari kváðu upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi bæjarsjóður Hafnarfjarðar á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður, að því er hann varðar, að falla niður.

Stefndu Sigurvin Snæbjörnsson Sigurbjörn Ágústsson og Sigursteinn Jónsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Bjarna Jónssyni, kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. maí 1967.

Nr. 59/1967. **Guðrún Runólfsson Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar og vegna sjálftrar sín og ófjárráða barna sinna, Ingibjargar og Ásdísar Jónsdætra**
 og
Guðjón Jónsson
 gegn
Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Dómenður:

hæstaréttardómaramirnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa með kæru, dags. 22. marz 1967, er hingað barst 17. apríl s. á., skotið til Hæstaréttar frávisunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 9. marz 1967. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Ef héraðsdómur verður staðfestur, krefst umboðsmaður sóknaraðilja hækkunar á gjafsóknarlaunum sínum í héraði. Þá krefst umboðsmaðurinn gjafsóknarlauna úr ríkissjóði í kærumáli þessu.